

Ed.

189. Breytingartillögur

við breytingartillögur á þingskjali 169. [Stjórnarskrárbreyting].

Flutningsm.: Guðm. Ólafsson og Einar Árnason.

1. Við IV. Breytingartillagan orðist svo:

Við 15. gr. Greinin orðist þannig:

Við 2. ákvæði um stundarsakir.

Ákvæðið orðist svo:

Kosning þeirra 8 kjördæmakosinna þingmanna, er kosnir hafa verið til efri deildar á næsta þingi áður en stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, skal ekki ná lengra en til þess þings. Í byrjun reglulegs Alþingis 1925 skal kjósa þá 12 þingmenn, er efri deild skipa, fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

2. Við V. Breytingartillagan orðist þannig:

Á eftir 16. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi þegar í stað, og fellur þá um leið niður umboð landskjörinna þingmanna.